

**53. fundur hverfisnefndar lunda- og gerðahverfis haldinn í Leikskólanum
Lundarseli 24. febrúar 2015 kl. 20.00**

Mættir: Þorberg og Svala.

Framkvæmdir hverfisnefndar vegna umhverfisátaks 2015

Frestur til að skila inn tillögum vegna umhverfisátaks 2015 nálgast. Ræddum hugmyndir okkar og eftir að hafa skoðað grillhús vítt og breitt og spurt fyrir um þau ákváðum við að leggja aðaláhersluna á það mál.

Höfum einnig fengið fyrirspurn vegna fótboltavöllu sem er í niðurníðslu í gerðahverfi tvö. Ætlum að senda inn beiðni vegna þess vallar.

Svör til nefndarinnar frá bæjartæknifræðingi.

Okkur bárust svör vegna atriða sem við sendum inn vegna nokkurra mála er varðar hverfið. Svörin bárust frá bæjartæknifræðingi.

- Teljum mikilvægt að lýsing á gangstíg ofan Eikarlundar verði sett á fjárhagsáætlun sem fyrst.
- Vegna skilta sem vísar leið að Lundarskóla af Þingvallastræti er einungis þakkað fyrir ábendinguna, teljum mikilvægt að fylgja því eftir.
- Einnig er ætlunin að gefa bænum örlítinn tíma á að setja upp sikk sakk hlið við sitt hvorn enda gangbrautar á Dalsbraut sunnan Skógarlundar. Munum reka á eftir með vorinu ef ekkert gerist í þeim málum.

Lóð við Bjarkarlund 2

Ræddum slysaöldru sem skapast hefur á lóð Bjarkarlundar 2 og íbúar nærliggjandi umhverfis hafa áhyggjur af. Ýmsir möguleikar ræddir en fyrst og fremst þarf að senda inn beiðni vegna lóðarinnar. Stefnum á að gera það innan tíðar.

Fundi slitið kl. 21.30

Fundargerð ritaði,
Svala Björnsdóttir